

Greinargerð

Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar af hálfu Vegagerðar Ríkisins um nauðsyn þess að ráðast í gerð Sundarbrautar/Sundagangna hefur Reykjavíkurborg ekki brugðist við. Hér er ekki aðeins um að ræða samgöngumál, heldur öryggismál.

Ekki má gleyma að við sameiningu Kjalarness við Reykjavík árið 1998 var lögð sérstök áhersla á af hálfu borgarinnar, að framkvæmdir við Sundarbraut yrðu hafnar innan tveggja ára.

Mögulegum útfærslum Sundabrautar hefur fækkað undanfarin ár vegna annara skipulagsbreytinga. Það þarf ekki að vera slæmt, þvert á móti blasir við að í raun er besta leiðin ein eftir, en jafnframt sú dýrasta. Það er svokölluð Sundagöng/Eyjalausn leið.

Tillaga um Sundabraut/Sundagöng

Miðflokkurinn leggur til að tafarlaust verði hafnar samræður við Vegagerð Ríkisins um gerð Sundarbrautar/ Sundagangna.

Greinargerð

Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar af hálfu Vegagerðar Ríkisins um nauðsyn þess að ráðast í gerð Sundarbrautar/Sundagangna hefur Reykjavíkurborg ekki brugðist við. Hér er ekki aðeins um að ræða samgöngumál, heldur öryggismál.

Ekki má gleyma að við sameiningu Kjalarness við Reykjavík árið 1998 var lögð sérstök áhersla á af hálfu borgarinnar, að framkvæmdir við Sundabraut yrðu hafnar innan tveggja ára.

Mögulegum útfærslum Sundabrautar hefur fækkað undanfarin ár vegna annara skipulagsbreytinga. Það þarf ekki að vera slæmt, þvert á móti blasir við að í raun er besta leiðin ein eftir, en jafnframt sú dýrasta. Það er svokölluð Sundagöng/Eyjalausn leið.

Baldur Borgþórsson
Varaborgarfulltrúi Miðflokksins



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið, samgöngur

Samræður við Vegagerð ríkisins um gerð Sundabrautar/Sundagangna - umsögn um tillögu Miðflokksins

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga Miðflokksins:

"Miðflokkurinn leggur til að tafarlaust verði hafnar samræður við Vegagerð Ríkisins um gerð Sundabrautar/ Sundagangna"

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

Starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs hafa síðustu misseri unnið að breytingum á skipulagi byggðar í Gufunesi og skoðun á skipulagi atvinnusvæða á Álfsnesi. Samhliða þeirri skipulagsvinnu hefur verið unnið áfram að greiningum á útfærslu Sundabrautar um þessi nes í samráði við Vegagerðina. Haustið 2017 var skýrslan: *Sundabraut Botngöng - samantekt á heimildum og fyrri hugmyndum um þverun Kleppsvíkur* kynnt í borgarráði og send Vegagerðinni í kjölfarið. Skýrslan var unnin fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Viljayfirlýsing samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og SSH um viðræður um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu var undirritað þann 21. september síðastliðinn. Verkefnahópi undir forystu fyrrverandi vegamálastjóra var þar falið að leiða viðræðurnar. Niðurstöður viðræðna skulu liggja fyrir eigi síðar en 15. nóvember 2018. Í viljayfirlýsingunni segir: *"Undirrituð lýsa yfir vilja sínum til að verkefnahópurinn leiði, að þessum viðræðum loknum, til lykta málefni Sundabrautar."*

fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs

Þorsteinn R. Hermannsson

Samgöngustjóri

